

# Skattstjórinn í Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 131/160

komudagur 23.11.2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. nóvember 2004

Með bréfi efnahags-og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 16. nóvember 2004, er þess farið á leit við skattstjórnann í Reykjavík að hann veiti umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 159. mál, samskráning hlutafélaga. Þá er enn fremur óskað eftir athugasemdum við umsögn frá KPMG endurskoðun hf. um frumvarpið.

Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir því að skattstjóri geti heimilað að tvö eða fleiri skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög verði samskráð. Skilyrði samskráningarinnar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins. Móðurfélagið skal sjá um uppgjör, skil og álagningu virðisaukaskatts en öll félögin bera óskipta ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts á grundvelli samskráningarinnar. Viðskipti milli samskráðra félaga hafa ekki í för með sér skyldu til að innheimta og skila virðisaukaskatti.

Skattstjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir og telur að það geti verið til hagsbóta fyrir skráningarskyld félög þar sem ekki þarf að innheimta og skila virðisaukaskatti milli samskráðra félaga.

Í umsögn KPMG endurskoðun hf. er lagt til að inn komi nýr 2. málslíður 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem orðist svo:

*Skattstjóri getur heimilað að skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 1. mgr. 5. gr. verði samskráð með hlutafélögum og einkahlutafélögum sem ekki eru skráningarskyld, m.a. hlutafélögum og einkahlutafélögum sem falla undir 5. mgr. 5. gr. þar sem tekjur af sölu á skattskyldri vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar.*

Þá er einnig lagt til að inn komi nýr 2. málslíður 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem orðist svo:

*Sala á vörum og þjónustu til samskráðs félags sem ekki er skráningarskyld er virðisaukaskattsskyld að því undanskyldu að þjónusta sem ekki telst skattskyld skv. 2. mgr. 3. gr. er undanþegin virðisaukaskatti.*

Fyrri breytingartillagan um heimild skattstjóra til að veita samskráningu skráningarskyldra félaga og þeirra sem ekki eru skráningarskyld er byggð á sambærilegum lagaákvæðum sem tóku gildi í Danmörku á árunum 2003 og 2004. Dönsku ákvæðin eru samin með hliðsjón af sjöttu tilskipun Evrópusambandsins sem heimilar aðildarríkjum ESB að ákvarða að virðisaukaskattsskyldir tengdir aðilar sem eru sjálfstæðar lögpersónur geti verið skráðar sem ein eining með tilliti til virðisaukaskatts.

Skattstjóri telur rétt eins og á stendur að skoða ofangreinda breytingartillögu nánar og kanna hvernig til hefur tekist með framkvæmdina í Danmörku. Auk þess gæti verið

ástæða til að skoða samskráningarákvæði í norskum lögum virðisaukaskatt þar sem Noregur er ekki aðili að Evrópusambandinu.

Siðari breytingartillagan virðist vera sett fram í þeim tilgangi að áréttu að sala á vörum og þjónustu til samskráðs félags sem ekki er skráningarskyld sé virðisaukaskattsskyld að því undanskyldu að þjónusta sem ekki telst skattskyld skv. 2. mgr. 3. gr. er undanþeginn virðisaukaskatti, svo sem almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færsla eigin bókhalds og rafræn gagnavinnsla. Þessar tvær breytingartillögur eru svo samtvinnnaðar að skattstjóri vísar til fyrri röksemda og telur á sama hátt að ástæða sé til að kanna framkvæmdina í Danmörku og Noregi áður en lengra verður gengið.

F.h. skattstjórans í Reykjavík



Kristín Norðfjörð

skrifstofustjóri virðisaukaskattsskrifstofu